

**Nd.**

**504. Breytingartillögur**

**[149. mál]**

við frv. til l. um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja ríkisjörðina Hólma.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Mörk Eskifjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu skulu vera sem hér segir: Frá Hólmanestá eftir línu dreginni í beina stefnu á stað 3 metra í hánorður frá svo nefndu Völvuleiði á Hólmahálsi og þaðan beina stefnu á austurkamib Hólmatinds. Síðan inn eggjar á vatnaskilum um Miðaftanstind og Kambafell í hæsta leiti Eskihnjúks. Eftir það gildir eldri hreppamarkalína um Tungufell og Fönn, út eggjar í Svartafell og þaðan til sjávar.

2. Við 4. gr. Við gr. bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.